

Nd.

26. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 4 frá 1935, um vinnumiðlun.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Fyrri málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Stjórn hverrar vinnumiðlunarskrifstofu skal skipuð 5 mönnum. Þrír þeirra skulu kosnir af hlutaðeigandi bæjarstjórn með hlutfallskosningu, einn útnefndur af verkalýðsfélagi eða fulltrúaráði verkalýðsfélaga innan Alþýðusambands Íslands, ef til er í kaupstaðnum, og einn af félagi atvinnurekenda þar á staðnum. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Nú er vinnumiðlunarskrifstofa stofnuð í kaupstað, þar sem ekki starfar verkalýðsfélag innan Alþýðusambands Íslands eða félag atvinnurekenda, og skipar atvinnumálaráðherra þá menn í þeirra stað í stjórnina. Sama gildir og, ef einhver þeirra aðila, sem nefndir eru í grein þessari, tilnefnir ekki fulltrúa af sinni hálfu í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar lög þessi hafa öðlzt gildi, skulu viðkomandi aðilar kjósa og tilnefna menn í stjórn vinnumiðlunarskrifstofa til næstu þriggja ára.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem gerðar eru með frv. þessu á gildandi lögum um vinnumiðlun, eru þær einar, að lagt er til, að hlutaðeigandi bæjarstjórnir kjósi 3 menn af 5 í stjórn vinnumiðlunarskrifstofu í stað tveggja eftir núgildandi ákvæðum. Rökin fyrir þessari breytingu eru þau, að vinnumiðlunarskrifstofur eru fyrst og fremst bæjarstofnanir. Bæjarsjóðir hera af þeim $\frac{2}{3}$ hluta kostnaðar, og starfsemi þeirra er algert bæjarmál. Það er þess vegna eðlilegt og sjálfsagt, að bæjarstjórnir kjósi meiri hluta stjórnar slíkra stofnana. Þróunin virðist nú einnig benda í þá átt, að æskilegt sé að gera starfsemi bæjarfélaganna og stofnana þeirra óháðari ríkisvaldinu. Samþykkt frv. þessa væri þáttur þeirrar eðlilegu þróunar.